

Guðni Baldursson
f. 1950 - d. 2017
25. nóvember 2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Halla Kristín Einarsdóttir

MiniDV 133 og 134

© Krumma films ehf.

MiniDV 133

Ég heiti Guðni Baldursson og ég var fyrsti formaður samtakanna 78.

Það gerist svona tólf, þrettán ára en ég geri ekkert í því fyrr en löngu seinna. En hinsvegar ákveð ég strax fjórtán, fimmtán ára að ég mundi aldrei reyna við stelpu vegna þess að mér fannst það ekki sanngjarnt af því að ég hafði ætlað mér að búa með karlmanni. Svo er ekki fyrr en löngu seinna að ég fer út á markaðinn sem kallað er, kominn yfir tvítugt. Og þá hérna var ég áður búinn að hérna lesa heilmikið af erlendu efni, var áskrifandi að blöðum og keypti bækur, þannig að ég lærði þetta allt saman bóklega og kunni allt þegar ég byrjaði. Og þetta var nú kannski ástæða þess að ég var kosinn fyrsti formaðurinn, ég þekkti meira til baráttunnar erlendis heldur en hinir. Hinir voru náttúrulega ekki margir. Á fyrsta fundinum vorum við eitthvað tíu og menn höfðu ákaflega mismunandi hugmyndir um það fyrir hvað þetta félag ætti að standa. Sumum fannst það alveg óþarfi að formaðurinn væri að vinna pappírsvinnu og tala útávið við fólk og vildi það að hann bara tryggði það að það væri partí á laugardögum. Þetta var ágreiningur heilmikill lengi framan af. En svo fjölgaði náttúrulega mönnum sem höfðu áhuga á pólitíkinni og höfðu áhuga á réttindunum og þá fór þetta að lifa saman, pólitíkin og félagslega starfið og þessar skemmtanir og það allt saman. Ég sagði alltaf í gamladaga: Maður stofnar ekki félag um einkalíf sitt. Maður stofnar ekki félag til að skemmta sér, það gerir maður bara sjálfur. Auðvitað eiga félög að halda árshátíð og svoleiðis og hittast kannski þess á milli en þau eiga ekki að vera aðalstarf. Ég held að öll svoleiðis félög, svona einhleypingafélög og alls kyns þannig félög ég held að engin þeirra lifi lengi.

Nei það var það nú alls ekki. Þeir sem komu úr felum þeim var kastað út af skemmtistöðum. Menn gátu misst vinnu og þetta var óskaplega erfitt. Miklu erfiðara en ungt fólk núna myndi skilja. Þetta því líkast eiginlega að vera afar óæskileg persóna hvernig sem maður var í raun og veru. Þegar maður fór að byrja að tala við fólk útávið að þá brást það yfirleitt mjög einkennilega við, jafnvel fólk sem maður vissi að var mjög klárt í kollinum, fólk sem að var framsýnt það fór alveg í kleinu og

sagði alveg magnaða vitleysu stundum eins og: Almáttugur, maður hugsar nú fyrst um blessuð börnin. Og annað eftir þessu. En þetta lagaðist á nokkrum árum. Þegar við vorum í deilu lengi við Ríkisútvarpið um að fá að auglýsa að þá var sagt við okkur að okkur væri bannað að auglýsa til að vernda okkur fyrir þjóðfélaginu. Og svona voru rökin í gamladaga. Við lentum líka í deilu við DV og þar voru samskonar della sem kom fram sko. En þetta er náttúrulega löngu liðin tíð.

Það var nú bæði það að það var farið að skrifa miklu meira um þetta bara í erlend dagblöð og tímarit af því að baráttan var komin á fulla ferð náttúrulega erlendis. En svo var líka held ég eitt sem knúði á og það var þegar alnæmisvandinn kom upp. Að þá héldu kannski menn að það væri bara lausnin á alnæmisvandanum að bara para alla hommana þannig að menn hættu að smitast. Ég held að þetta hafi verið hugsað einhvern veginn þannig. En þetta hafði ágætir afleiðingar. Menn fóru að ræða þetta opinberlega og sagan hefur flogið áfram.

Ég var ekki við undirbúning hans [*um undirbúning stofnfundar Samtakanna 1978*]. Ég var einn af þeim sem var boðið að vera með en þeir sem undirbjuggu þeir skrifuðu lista yfir þá homma sem þeir þekktu og treystu og buðu þeim að koma á fund. Og það endaði með því að á stofnfundinum voru 10. Og mjög margir sem voru á upphaflega listanum voru ekki með. Það hafði áður verið starfandi hérna félagsskapur sem hét Iceland Hospitality og hafði aðaltilgang að taka á móti erlendum ferðamönnum. Sá félagsskapur rann inn í félagið, nokkrir einstaklingar sem voru þar en þetta varð aldrei neinn mikill þáttur í félaginu. Það komu oft bréf frá útlendingum og ef að hægt var að liðsinna þeim eitthvað þá var það gert. En annars þurftum við ansi oft að segja að þetta væri ekki neinskonar miðlun. Því mörg bréfin báru með sér að það væri verið að leita að einhverri persónu sem yrði bara sköffuð við komuna til landsins. En þetta varð aldrei neitt að ráði enda sko voru engir félaganna sem nenntu að standa í þessu.

Stofnfundurinn var haldinn í heimahúsi. Ég veit nú ekki hvort ég má telja upp mörg nöfn en þarna voru t.d. Hörður Torfason og Guðmundur Sveinbjörnsson, Haraldur Tómasson og nokkrir fleiri.

Það gekk nú ekki vel. Ég þori ekki að fara með það hvort það voru ein eða tvær á fundinum eða hvort það var engin. Ég man það ekki nákvæmlega því sumar hafði maður hitt á undirbúningsfundinum.

Já já við höfðum stefnuskrá. Tilgangurinn var að vinna að réttindum hómósexúalfólks eins og það var kallað þá af okkur sko. Það var aðaltilgangurinn. Og svo efla samstöðu og svoleiðis eins og er tilgangur svona félaga. Við sniðum lögin og stefnuskrána eftir danska félaginu sem var orðið 30 ára þá.

Já nafnið eins og það var af danska félaginu, Foreningen '48. Samtökin '78 eru stæling á því. Síðan var bætt aftan við það, m.a. út af auglýsingastríðinu, félag lesbía og homma á Íslandi.

Þau voru nú bara held ég næstum því engin. Ég man að það var hægt að koma einhverju inn í Þjóðviljann en ekki önnur blöð minnir mig. Náttúrulega ekki útvarp sjónvarp.

Það var reynt að koma með einhverja tilkynningu til að vekja athygli á félaginu.

Það var bara kynvillingar og við sáum náttúrulega að hómósexúalfólk var ekki gott orð og byrjuðum eiginlega strax að nota orðin hommi og lesbía og það tókst fljótlega. Það skiptir líka miklu máli að þora að kalla sjálfan sig það sem maður er. Og það var ekki fyrr en seinna að orðið samkynhneigð kom fram og samkynhneigðir.

Það var náttúrulega tilraun til þess að þurfa ekki að horfast í augu við það sem við erum. Mig minnir að það hafi komið orðin hómi og lespa með p-i. Þetta átti auðvitað að vera í líkingu að erlendu orðunum en voru ákaflega ankannaleg og höfðu þennan tilgang, að gera okkur að einhverju öðru en við erum.

Ég býst við...alls ekki...við Samtökin en ég býst við að frumkvæðið hafi komið frá útvarpinu eða eh svoliðis...ég býst við því.

Ja, það var dálítið mislukkað orð [*kynhvarfi*] því allir misskildu það og héldu að að kynhvarfi væri eitthvað allt annað en meiningin var með orðinu. Og það komst aldrei í notkun held ég.

Nei, ég flúði aldrei land. Mér fannst ég ekki nógu þroskaður á þessu sviði til að ég gæti farið til útlanda [*hlær*]. Ég vildi bíða með það þar til ég væri orðinn nógu þroskaður til þess. Ég hef nú aldrei búið erlendis.

Það var einu sinni útvarpsþáttur. Hún heitir Helga konan sem að hafði hann, var um svona samfélagsmál. Það komu nokkrir hommar og pabbi fram í þessum þætti hjá henni þar sem hún spurði útúr og svoliðis. Og hann kom mér á óvart, síðast hafði hann verið miklu jákvæðari á sínum tíma heldur en hann var. En hann var reyndar miklu jákvæðari þegar ég kom úr felum en mamma. Það tók hana miklu lengri tíma að fallast á þetta.

Já já hann studdi mann svona í því sem maður gerði.

Það leið nú dálítill tími frá stofnun þar til að við fundum stað. Við hittumst bara í heimahúsum framan af og það voru engir almennilegir fundir, það var bara rabbað saman. En til þess að ná upp einhverri starfsemi af viti, það þurfti húsakynni og við fundum kjallaraherbergi í Garðastræti 2 sem leit nú ekkert vel út en við þrífum og máluðum og vorum þarna í hálf tannað ár. En félagsgjöldin skiluðu sér illa og helstu tekjur félagsins voru að selja kók og prins póló þannig að leigan lenti mest á formanninum svo það endaði með því að húsinu var sagt upp. Síðan leið, að mig minnir, ár áður en við fluttum í þokkalegt húsnaði uppi á Skólavörðustíg og þaðan upp í Brautarholt o.s.frv.

Það má segja að þetta hafi verið neðanjarðarstarfsemi. Þetta var mjög niðurgrafinn kjallari og þarna höfðu verið leigð út íbúðarherbergi en þarna var búið að banna að

nota húsnæðið til þess arna. En það voru einhverjir svona óreglumenn þarna ennþá í hinum herbergjunum þannig að þetta var dálítið erfitt með þrif og svoleiðis. Annars höfðum við ekkert saman við þá að sælda.

Menn töluðu saman og menn undirbjuggu að fjölrita félagsbréf og svoleiðis. Lásu blöð, erlend blöð, hommablöð og lessublöð og spjölluðu bara saman.

Þá fórum við nokkrir með mótmælaspjöld niður á Austurvöll og vorum að mótmæla ástandinu hér og krefjast úrbóta. Við vorum nú örfáir. Man ekki hvort við vorum fimm eða sex eitthvað svoleiðis. Við vorum mjög ánægðir með þetta. Þetta vakti athygli og komu myndir í blöðunum af sumum. Það þurfti að gera eitthvað svona til að ná athyglinni. [*Um mótmæli við Alþingishúsið 1. desember 1982*]

Maður sá nú gardínur hreyfast en maður sá ekkert hvor var á bakvið.

Nei það gerði það enginn. Bauð enginn hjálp sína en fljótlega eftir þetta þá var útvarpsmálið komið í mikla hönk og við vorum búnir að fá aðstoð hjá samskonar félögum á Norðurlöndum og málið var rætt á Norðurlandaráðsnefndarfund, menntamálanefnd minnir mig eitthvað svoleiðis, og þá hafði ég samband við þingmenn í þeirri nefnd. Íslenska þingmenn og þeir tóku því flestir kurteislega að taka þátt í umræðum um þetta mál nema einn sagði að hann kærði sig ekkert um svona mál. Og í framhaldi af þessu máli voru prentuð póstkort úti til Útvarpsins og þau voru send þúsundum saman frá öllum Norðurlöndunum.

Bannið við auglýsingunum breyttist þegar það var kominn nýr útvarpsstjóri. Þá var viðhorfið annað. Þegar ég fór með fyrstu auglýsinguna upp í Útvarp...textinn var: Lesbíur, hommar, munið fundinn í kvöld. Samtökin '78. Það var ekkert sagt hvar fundurinn var eða neitt en hann var reyndar haldinn í safnaðarheimili Langholtssóknar. Konan sem var að vinna þarna á auglýsingastofunni, henni brá alveg óskaplega og hljóp inn til auglýsingastjórans og auglýsingastjórinn fór upp til útvarpsstjórans kom svo niður aftur og segir: Auglýsingar verða að vera á vandaðri

íslensku, og byrjar að skrifa kynvill... en náði ekki að klára orðið áður en ég stoppaði þetta. Og þetta bréf er núna á Borgarskjalasafni.

Ég býst við að afstaða útvarpsstjóra hafi verið bara tíðarandinn frá hans æsku og ævistarfi. Þetta var ekki neitt persónulegt. Við fórum á marga fundi til hans og hann var alltaf kurteis og allt það.

Við töluðum um málið og héldum fram sjónarmiðum okkar. Ég fór yfirleitt ekki einn til hans. Það kom einhver með mér alltaf. En það breyttist ekki neitt fyrr en eftir að hann hætti. [*Andrés Björnsson var útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins 1968 -1986. Af honum tók við Markús Örn Antonsson*].

Það var mjög oft á þessum tíma sem hommar og lesbíur voru með einhverskonar mótmæli erlendis og alls ekki alltaf fjölmenn. Það nægir alveg að örfáir fari og vekji athygli og ég býst við því að þessi mótmæli hafi átt hlut í því að koma okkur á kortið hjá fjölmiðlum og almenningi. Annars hérna höfðum við Helgi einu sinni farið með kröfuborða niðri bæ. Þá var reyndar....það var 1.maí og þá hringdi ég í þá sem sjá um kröfugönguna og spurði hvort við mættum ekki ganga með. Það var alltaf fjöldi félaga sem gengu með en við fengum svarið nei. Þannig að við fórum bara með borðann niðrá stjórnarráðslóðina og stóðum þar en gengum ekki í göngunni.

Ég hef aldrei orðið fyrir beinum fordómum eða misrétti. Ég held það skipti mjög miklu máli hvernig maður kemur fram sjálfur, maður kalli ekki yfir sig slík viðbrögð. Og það var lítið mál að koma úr felum í vinnunni.

Ef maður ber með sér einhverskonar minnimáttarkennd eða að maður hafi eitthvað að fela að þá kallar það á að fólk beiti fordómum og misrétti. Því við megum ekki gleyma því að fordómar og misrétti er valdataeki. Þetta er ekki eitthvað sem kemur utan úr loftinu. Fólk er að hækka sig yfir þann sem það er að lítillækka. [*Biluð skrá. Er ekki á myndbandi*].

MiniDV 134

Við byrjuðum að gefa út blaðið Úr felum þarna '82 minnir mig og það var svona lítið fréttablað með fréttum og svona smá klausum frá okkur og við fjölrituðum þó nokkuð upplag og fórum út á götur að selja og það bara seldist vel.

Það voru mjög margir sem keyptu þetta blað en sumir vildu fá það gefins, vildu ekki borga fyrir það. Það var dálítið spaugilegt. Mest selt við Ríkið.

Það var reynt að kría inn þessar 35 kr. sem það kostaði.

Þetta var nú bara vænn hópur sem að seldi. Ætli það hafi ekki verið sex til átta sem komu að þessu a.m.k. einu sinni, ekki öll í einu. Vorum í þessu á föstudögum.

Fyrsta ballið okkar var haldið í Manhattan í Kópavogi. Þá voru semsagt einstaklingar innan félagsins sem tóku að sér að halda það. Það klikkaði samt dálítið...það var ágætis ball...en það hafði gleymst að fá framlengingarleyfi eins og þá þurfti alltaf að gera. Þannig að það endaði fyrr en að til stóð og menn fóru þarna út fyrir tilstilli lögreglunnar. Þótti kannski sumum ekkert voðalega þægilegt.

Á þessum tíma sem að ballið var haldið þá var alveg bannað að taka myndir. En þarna höfðu verið teknar myndir og menn sögðust vera að gera það fyrir sjálfa sig en svo birtust allmargar í Samúel og mjög margir af þeim sem að mynd birtist af urðu feykilega óánægðir. Enda á fólk náttúrulega sjálft að ráða því hvenær það kemur úr felum. Þetta var náttúrulega mjög vanhugsað og smekklaust. Tillitslaust.

Það var þannig, ég man nú ekki hvaða ár það var en það var áður en við fengum húsnæðið í Garðastræti, að þá höfðu tveir félagar í S amtökunum samband við mig og tilkynntu mér að það væri búið að fá húsnæði á leigu. Og bað mig og aðra féлага að koma og skoða þetta. Og húsnæðið var Hótel Vík. Og þeir ætluðu þetta til íbúðar fyrir sig og vini sína en svo átti formaður að fá lítið forstofuherbergi fyrir félagið. Þeir

höfðu gert þetta í algjöru óleyfi að taka þetta stóra hús á leigu og ég varð að hringja í lögmanninn sem að annaðist þetta og hann kom af fjöllum að þeir hefðu ekki haft heimild til að gera þetta og úr þessu varð úlfúð sem entist lengi í félaginu. En hún var....þetta var bara framhald af upphaflegum ágreiningi um stefnur í félaginu.

Það er háttur lítilmagnans að ráðast á sína nánustu ekki þann sem er sterkari.

Lesbíur komu smámsaman inn í félagið. Urðu aldrei margar og stofnuðu síðar sér félag sem hét konur með konum minnir mig sem lifði nú ekki mjög lengi [*Íslensk-Lesbíska?*]. En sko lesbíur hafa allt aðra þörf fyrir félagslíf en hommarnir. Þær þurftu flestar ekki þennan mikla æsing og fjölmenni til þess að geta skemmt sér held ég. Ég held það liggi bara í þessum mun á kynjunum.

Þær komu nokkrar bara í eitt og eitt skipti og gerðu aldrei neitt sko.

HRA: Var auðveldara að vera lesbía á þessum tíma?

Ég býst við að það hafi verið auðveldara að vera lesbía en hommi á þessum tíma. Karlmönnum hafa alltaf þótt lesbíur vera spennandi og engin ógnun við sig en hommarnir voru náttúrulega alltaf líklegir til að fleka þá. Ég held það sé eitthvað svona sem skýri þetta.

Ég hérna vann mjög mikið fyrir Vigdísi vegna þess að mér þótti mjög mikilvægt að fá konu vegna þess að ef það eru ekki kvenréttindi þá eru ekki hommaréttindi.

Það kom viðtal við tvær lesbíur í Helgarpóstinum '81, heilsíðuviðtal. Og það held ég hafi haft mjög góð áhrif og gert svona lesbíur almennt meira meðvitaðar um Samtökin.

Ég gekk til liðs við Bandalag jafnaðarmanna þegar það var stofnað og sótti fundi þar og lenti á framboðslista og hafði titilinn þar formaður Samtakanna '78. Á næsta þingi var flutt þingsályktunartillaga um könnun á stöðu samkynhneigðra á Íslandi og þá voru þingmenn úr öllum flokkum nema Alþýðuflokki sem fluttu tillögu. Hún fór náttúrulega í nefnd og var ekki útrædd frekar en aðrar svona þingsályktunartillögur.

Svona fólk

En þetta var góð byrjun. Málið var komið af stað. Þingmenn höfðu þurft að kynna sér málið og þótt að þeim fyndist ekki kominn tími til að afgreiða þetta þá.

Þessi þingsályktunartillaga var til komin vegna þess að við í samtökunum vissum að samskonar vinna hafði verið unnin á Norðurlöndunum og við höfðum merkilegar skýrslur sem höfðu verið unnar sem hefðu getað orðið góð fyrirmynd að könnun hér og þetta var nöttla nauðsynleg byrjun á því að koma þessum málum inn í pólitíkina því á endanum er þetta mál pólitískt þótt það sé líka menningarlegt og félagslegt og svoleiðis. Þá varð þetta pólitískt mál enda hefur framhaldið orðið þannig að pólitíkusar hafa tekið ábyrgð á þessu.

Kristín Kvaran hafði forgöngu um þetta á þinginu og fékk til liðs við sig þingmenn úr öllum flokkum nema einum. Þetta var á stefnuskrá Bandalags jafnaðarmanna að bæta réttindi samkynhneigðra og það var tilgangur minn með að ganga til liðs við bandalagið til að koma þessu á blað þar. Það var mjög víðsýnn og frjálslyndur flokkur og þessu málefni var tekið vel þar.

Vilmundur Gylfason var formaður flokksins á þessum tíma.

Þau voru fjögur. En Vilmundur dó náttúrulega áður en tillagan kom fram. Hann deyr fljótlega eftir kosningarnar '83.

Alnæmi kemur upp erlendis upp úr '80 eða greinist. Og það komu margar furðufréttir í fjölmiðlum hér. Þetta væri svo skríttinn sjúkdómur. Það væru bara hommar sem að fengju hann o.s.frv. Og mönnum brá mjög mikið þegar að það komu um það fréttir að maður hefði látist hér af völdum alnæmis. Og síðan mjög margir árin '86- '87 fram til '90 og þetta var tekið mjög alvarlega. Og þetta var einn þátturinn í því að ýta á eftir réttindum homma. Það var alnæmið. Það ýtti á eftir því að við fengjum sómasamlegt húsnæði og ýmsum svona réttindum sem okkur vanhagaði um. Síðan þegar alnæmissamtökin voru stofnuð þá fara margir þar inn af félögunum og ég hef starfað þar alla tíð síðan og þau hafa náttúrulega unnið mjög gott starf. Veitt stuðning og alls konar aðstoð og hjálp en eðli sjúkdómsins hefur breyst mjög mikið síðan

lyfjablöndurnar komu fram. Það eru miklu færri...mjög fáir sem deyja og mjög margir sem eru við sæmilega heilsu þótt það sé erfitt að taka lyfin og slíkt.

Manni fundust þessar fréttir mjög skrítnar í upphafi og það var í raun óskiljanlegt að einhver sjúkdómur legðist bara á samkynhneigða. Enda kom mjög fljótt í ljós að þetta var veirusjúkdómur sem gat lagst á hvern sem var og það var hafinn mjög mikill áróður um aðgæslu í kynlífi sem að margir tóku alvarlega. En sá áróður var nú kannski svolítið yfirdrifið í upphafi en það mætti alveg halda uppi áróðri um þau atriði sem skipta máli.

Sko menn vissu það t.d. í Kanada '85-'86 að þetta smitast ekki við munnmök. En því var haldið fram lengi vel og jafnvel enn sko.

Ég hætti sem formaður í desember '85 og varð ósköp feginn að fá frí og starfaði ekkert með þeim þó nokkuð lengi eftir það. En núna tek ég þátt í því sem ég hef áhuga á.

Já það var aftur flutt tillaga til þingsályktunar um að kanna stöðu samkynhneigðra og hún var samþykkt '92 og Samtökin '78 áttu að tilnefna karl og konu í nefndina og svo voru fulltrúar ráðuneyta sem að málið varðaði. Og það nefndarstarf tók talsverðan tíma. Það var mjög ánægjulegt. Við skiluðum skýrslu sem var að mörgu leyti sniðin eftir norrænu skýrslunum. Rakin saga homma og lesbía á Íslandi og Samtakanna fyrir utan þessa lagalegu og pólitísku atriða sem við vorum þarna með. Og þessi nefnd leiddi til þess að það var sett lög á Alþingi '96 um staðfesta samvist. Við fulltrúar Samtakanna '78 við gerðum heilmargar athugasemdir og minnihlutaálit í nefndarálitinu um t.d. breytingu á hegningarlögum við bann gegn misrétti og margt fleira þannig. Flest af því sem við lögðum til í minnihlutanum hefur náð í gegn seinna með lagabreytingum. Það sem eftir stendur er kirkjulegt brúðkaup, tæknifrjóvgun og frumættleiðing. Þetta kemur ábyggilega allt saman fljótlega.

Mér finnst að allir ættu að gifta sig hjá dómara, sýslumanni. Trúfélög hefðu ekki þennan rétt að gefa fólk saman. Þetta er löggjörningur og ætti ekki að vera hjá trúfélögunum.

Það var mjög mikil hátíð í Borgarleikhúsinu þegar lögin um staðfesta samvist tóku gildi. Mikið fjölmenni og mikil ánægja. Það voru nokkur pör gefin þarna saman, þennan fyrsta dag og ég held að allir hafi fagnað þessu. Við Helgi drógum í rúm 2 ár að ganga í staðfesta samvist en svo fórum við í helgarferð til SanFrancisco og þá fannst okkur við eiginlega verða að pússa okkur saman fyrst.

Þessu starfi verður aldrei lokið því það þarf að standa vörð um áunnin réttindi og svo er alltaf að koma ungt fólk úr felum og það að koma úr felum er ábyggilega um margt líkt og í gamladaga þó að það ætti að vera auðveldara vegna ytri aðstæðna. En upplifunin hjá þeim sem uppgötvar að hann er samkynhneigður hún er mjög oft sú að hann sé að bregðast foreldrum sínum og svona væntingum sem að til hans séu gerðar. Börn eru alin upp við það að verða eiginmaður og eiginkona og það er dálítið erfitt að átta sig á því að maður uppfylli ekki þessar væntingar sem til manns eru gerðar. En auðvitað er miklu auðveldara vegna aðstæðnana að koma úr felum núna og ætti að vera auðveldara að setta sig við svona. En sumum nátturulega tekst aldrei að koma úr felum og vera sáttir. Það er bara eins og gengur og gerist.

Ja, það er kannski þegar við Helgi fórum í fyrstu frelsisgönguna í Stokkhólmi okkar. Það var mjög mikil upplifun þegar við Helgi fórum til Stokkhólms 1981 á frelsisvikuna sem þar er. Og það voru dagskráratriði alla vikuna, fyrirlestrar, skemmtanir og allt mögulegt og svo á laugardeginum var haldin ganga um alla miðborgina. Þúsundir manna með borða og spjöld og með þjóðfánana. Fólk frá tugum landa og svo er haldinn stór útifundur á eftir. Og þetta var rosaleg upplifun að taka í fyrsta skipti þátt í svona atburði. Svo fórum við aftur næsta ár og það var líka jafn gaman og svo hef ég nokkrum sinnum farið á Evrópu gay pride en þetta er allt að þróast meira og meira frá kröfunum og pólitíkinni og verða meira djamm og svoleiðis þannig að maður er að eldast upp úr því.

Ég hef tekið þátt í gay pride hérna í Reykjavík öll árin nema í fyrra. Þetta hefur þróast bæði til góðs og svona....mér finnst þetta ekki vera neitt lengur nein hátíð samkynhneigðra. Mér finnst þetta vera bara almenn skemmtun eins og 17.júní eða hvað sem er. Það má vel vera að þetta sé góð þróun en ég er dáldið efins. En þetta verður svona áfram, ég fer næst býst ég við.

Sko fólki finnst voða fínt að snobba fyrir hommum og lesbíum núna, það er eitthvað tengt því. Nú og líka bara forvitni eins og allt fólkið sem stendur á Laugaveginum og horfir á gönguna. Svo eru náttúrulega skemmtiatriði.

Það að ég entist að vera formaður þarna fyrstu árin þegar þetta var svona erfitt þar var náttúrulega vegna þess að við Helgi [*Magnússon*], bjuggum saman og hann var mjög duglegur að vinna fyrir félagið. Hann sótti yfirleitt póstinn í pósthólfíð inn í Langholtsútibú póstsins og hann svaraði mjög mikið í símann í símatímanum. Þá var sími félagsins bara heima hjá okkur og hann svaraði mjög oft. Þannig að hann var oft fyrsta persónan sem að ókunnugir kynntust í félaginu. Svo voru nú nokkrar blaðagreinar merktar honum fyrstu árin en ég hafði nú skrifað þær því þá var ég ekki kominn úr felum í vinnunni. En hann var mjög duglegur að vinna og hafði mjög gaman af þessu. Það er mjög mikilvægt að hafa einhvern með sér sem að deilir skoðunum og hefur svipuð lífsviðhorf.

Félagatal var ekki til fyrstu árin. Þeim sem var boðið að gerast stofnfélagar þeirra bréf voru öll númeruð þannig að hægt væri að rekja það ef það læki út einhversstaðar og félagatal var ekki til bara alla mína formannstíð. Maður hafði það bara svona í kollinum hverjir voru með og það var skráð hverjir borguðu félagsgjöld en svona það var seinna sem að félagaskrá komst upp og það eru eiginlega engar myndir til frá stofnun félagsins á þessum tíma. Sem er auðvitað mjög miður en aðstæðurnar voru svona þá.